





Í stjórn Háskólaeturs skulu sitja fimm manns. Eftirfarandi aðilar eiga rétt að tilnefna einn stjórnarmann og einn til vara, að höfðu samráð við formann fulltrúaráðs, en tilnefningar þurfa þó að fá staðfestingu af aðalfundi:

- Ísafjarðarbær
- Aðilar vinnumarkaðarins
- Rannsóknarstofnanir með starfsemi á Vestfjörðum
- Háskólar landsins.
- Einn fulltrúi er kosinn án tilnefningar.

Stjórnarmenn og varamenn eru persónukjörnir og halda stöðu út kjörtímabilið þó þeir skipti um starfsvettvang.

Heimilt er að aðalmaður og varamaður skipti á hlutverkum ef aðalmaður fer fram á það. Gildir það þá út kjörtímabilið.

Ef stjórnarmaður segir sig úr stjórn eða forfallast varanlega, tekur varamaður hans við. Ekki verður kjörinn nýr varamaður fyrir en á næsta aðalfundi og þá bara út kjörtímabil stjórnar.

Ef varamaður segir sig úr stjórn eða forfallast varanlega verður kosið í hans stað á næsta aðalfundi.

Forfallist varamaður sem orðinn er aðalmaður um stundarsakir og skal þá einhver hinna fjögurra varamannanna sem kjörnir voru vera hans varamaður. Ef um varanleg forföll er að ræða tekur einn þeirra fjögurra varamanna sem kjörnir voru á síðasta aðalfundi, sæti aðalmanns og ~~verða þá varamenn þeir~~ fækkar þá varamönnum um einn út kjörtímabilið.

Verði stjórn óstarfhæf skal kalla saman auka ársfund fulltrúaráðs til að kjósa nýja stjórn og varamenn.

Formanni stjórnar er skylt að boða til stjórnarfundar ef 1/3 hluti stjórnarmanna krefst þess og sama gildir um fulltrúaráð. Það sem gerist á fundum fulltrúaráðs, stjórnar og á ársfundi skal skráð í fundargerð sem er send fundarmönnum og skulu athugasemdir berast innan viku.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Af atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn sjálfseignar- stofnunarinnar veitir prókúrumboð fyrir stofnunina